



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. nóvember 2012
Tilv.: 1210027

Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins vegna frumvarps til laga um neytendalán

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur sent Samkeppniseftirlitinu til umsagnar frumvarp til laga um neytendalán, 220. mál. Vísast í þessu sambandi til tölvubrúefs Alþingis, dags. 18. október 2012.

Í 26. gr. frumvarpsins er kveðið á um að árleg hlutfallstala kostnaðar á neytendalánum megi ekki nema meira en 50 hundraðshlutum að viðbættum stýrivöxtum. Af greinargerð með frumvarpinu má ráða að ákvæðið miði að aukinni neytendavernd gagnvart smálánafyrirtækjum og er reglusetning nágrannalandanna reifuð af því tilefni.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ráðuneytið hafi óskað eftir umsögn Samkeppniseftirlitsins um innleiðingu hámarksvaxta vegna smálána, sem þá var í undirbúningi. Líkt og rakið er í greinargerðinni taldi Samkeppniseftirlitið sér skylt, með hliðsjón af markmiðum samkeppnislaga, að hvetja til þess að skoðaðar yrðu fyrst aðrar lausnir en þær sem lúta að höftum á frjálsa verðmyndun á markaði, sé þess nokkur kostur. Í umsögninni kom einnig fram að afstaðan til hámarksvaxta á smálánum hefði tilteknar félagslegar og siðferðilegar víddir sem Samkeppniseftirlitið væri ekki í stöðu til að leggja mat á.

Hér skal einnig á það bent að reynslan sýnir að ákvæði um hámarksviðmið verðlagningar eru oft til þess fallin, til lengri tíma litið, að kjör allra keppnauta færir nær hámarksverðinu og dragi þar með úr hugslanlegri verðsamkeppni á viðkomandi markaði. Telji löggjafinn engu að síður að hámarksviðmið af þessu tagi sé óhjákvæmilegt, telur Samkeppniseftirlitið mikilvægt að hann setji sér markmið um endurskoðun á ákvæðinu að liðnum ákveðnum tíma, svo tryggt að reynsla af ákvæðinu verði metin að fenginni reynslu. Þetta mætti e.a. gera með sérstöku ákvæði um endurskoðun 26. gr. eða að lágmarki í nefndaráli.

Að öðru leyti hefur Samkeppniseftirlitið ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið

Ólafur F. Þorsteinsson